

## **D Ó M U R**

**Héraðsdóms Norðurlands eystra fimmtudaginn 26. apríl 2007 í máli**

**nr. E-509/2006:**

**Elvar Árni Lund**

*(Árni Pálsson hrl.)*

**gegn**

**Einari Þór Gunnlaugssyni og**

**Gunnlaugi Traustasyni**

*(Þorsteinn Hjaltason hdl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var þann 6. mars sl., hefur Elvar Árni Lund, kt. 000000-0000, Ekrugötu 3, Kópaskeri, höfðað hér fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra, með stefnu birtri 10. október 2006, á hendur Einari Þ. Gunnlaugssyni, kt. 000000-0000, Norðurgötu 48, Akureyri og Gunnlaugi Traustasyni, kt. 000000-0000, Höfðahlíð 11, Akureyri.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu greiði stefnanda in solidum kr. 240.000,- með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38, 2001, sbr. 12. gr. sömu laga, frá 22. febrúar 2006 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

**I.**

**Málástæður og lagarök stefnanda.**

Stefnandi kveður umkrafða skuld vera samkvæmt tryggingarvísli að fjárhæð kr. 240.000,-, útgefnum 3. júní 2004 af stefnda Gunnlaugi Traustasyni, framseldum af sama og samþykktum af stefnda Einari Gunnlaugssyni til greiðslu í Sparisjóði Norðlendinga þann 22. febrúar 2006 vegna ógreiddrar húsaleigu í Aðalstræti 67,

Akureyri.

Við tryggingarvígillinn sé viðfest umboð þar sem segi að vígillinn sé afhentur til tryggingar viðskiptum við Sparisjóð Norðlendinga. Þetta skýrist af því að notað hafi verið víxileyðublað frá Sparisjóði Norðlendinga. Vígillinn sjálfur beri með sér að vera til tryggingar greiðslu húsaleigu fyrir Aðalstræti 67. Hann hafi verið óútfylltur bæði hvað varðar gjalddaga og fjárhæð og stefnandi hafi því haft umboð til að fylla hann út samkvæmt 10. gr. vígillaga nr. 93, 1933.

Stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og því sé gerð krafa um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess.

Skuldin hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekuð greiðslutilmæli og stefnandi sé því knúinn til að innheimta hana með dómi.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á hinum framlagða tryggingarvígili og húsaleigusamningi. Þá vísar hann til XVII. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91, 1991. Kröfur um dráttarvexti styður hann við III. kafla laga nr. 25, 1987 og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38, 2001, sbr. 12. gr. sömu laga en kröfur um málskostnað við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91, 1991.

### **Málsástæður og lagarök stefndu.**

Stefndu lýsa atvikum svo að stefndi Einar Gunnlaugsson hafi leigt íbúð á árinu 2004. Til tryggingar hafi stefndi Gunnlaugur gefið út víxil sem geymdur var í Sparisjóði Norðlendinga. Hann hafi verið gefinn út 3. júní 2004 og verið fylltur út að öllu leyti nema um gjalddaga.

Í nóvember 2005 hafi stefndi Einar gert annan leigusamning og þá við annan leigusala. Stefnandi hafi svo einhvern vegin komist yfir tryggingarvígillinn, sem gefinn hafði verið út vegna hins fyrri leigusamnings, og reyni að innheimta hann í máli þessu.

Stefndu byggja á því að víxill sem er óútfylltur um gjalddaga teljist gjaldkræfur við sýningu, sbr. 2. mgr. 2. gr. víxillaga nr. 93, 1933, óháð því hvort hann ber áritunina „til sýningar“ eða „sýningarvígill“. Útgefandi víxilsins, stefndi Gunnlaugur, hafi ætlað að víxillinn væri til tryggingar húsaleigusamningi sonar hans, stefnda Einars, og myndi standa að baki samningnum þar til honum lyki, en þó eigi lengur en í eitt ár frá útgáfudegi hans.

Gjalddagi hafi verið skráður á víxillinn þegar á annað ár hafi verið liðið frá útgáfu hans. Víxilréttur hafi verið niður fallinn þegar samningur sá sem hann var sagður vera til tryggingar fyrir var gerður. Þar sem vígillinn hafi verið gjaldkræfur við sýningu hafi stefnanda borið að sýna víxillinn innan árs frá útgáfudegi hans, sbr. 1. mgr. 34. gr. vígillaga nr. 93, 1933 ef hann hygðist halda víxilréttinum í gildi. Það hafi stefnandi ekki gert og því glatað rétti sínum á hendur stefnda Gunnlaugi sem útgefanda víxilsins, sbr. 1. mgr. 53. gr. vígillaganna. Þá hafi vígillinn hvorki verið sýndur til greiðslu né tilkynningar verið sendar um greiðslufall.

Stefndu kveða víxillinn ekki hafa verið gefinn út til notkunar fyrir stefnanda, hann geti ekki byggt rétt á víxlinum og málið sé því höfðað af röngum aðila, sbr. a. lið 18. gr. laga nr. 91, 1991. Því beri að sýkna, sbr. 2. mgr. 16. gr. sömu laga.

Víxillinn hafi verið gefinn út til tryggingar og því geti stefnandi ekki öðlast meiri rétt en samkvæmt því, sbr. 19. gr. víxillaga.

Stefndu kveða stefnanda ekki hafa haft heimild þeirra til að fylla víxillinn út eftir 10. gr. víxillaga. Sú heimild hafi verið gefin fyrri leigusala samkvæmt öðrum leigusamningi. Stefndi Gunnlaugur hafi ekki undirritað leigusamning þann sem stefnandi reisi kröfur sínar á. Þá sé stefnandi ekki aðili að samkomulagi um afhendingu víxilsins. Enda megi sjá að leigusamningurinn hafi verið gerður í nóvember 2005 en víxillinn sé meira en ári eldri, þ.e. útgefinn í júní 2004. Í leigusamningnum sé getið um víxil að fjárhæð kr. 270.000,- en sá víxill sem hér um ræði sé að fjárhæð kr. 240.000,-. Því sé ljóst að um annan víxil sé að ræða. Athugasemdum um tryggingu hafi verið bætt inn í leigusamninginn eftir á.

Stefndu bera að samið hafi verið við leigusalann um greiðslu leigunnar og stefndi Einar skuldi honum því ekkert. Stefndi Einar hafi skilað húsnæðinu í janúar 2006 og það verið leigt áfram frá og með febrúar 2006. Vegna ákvæða 4. mgr. 40. gr. húsaleigulaga nr. 36, 1994 hafi stefnanda borið að gera kröfu sem tryggingin tæki til innan tveggja mánaða frá því að hann tók aftur við húsnæðinu, þ.e. ekki síðar en 1. febrúar 2006, ella félli hún úr gildi, sbr. 1. mgr. 64. gr. húsaleigulaga. Slík krafa hafi ekki verið gerð. Innheimtubrэф dags. 9. júní 2006 hafi eingöngu lotið að víxilkröfu en ekki meintum vanefndum á húsaleigusamningi. Krafa samkvæmt 4. mgr. 40. gr. húsaleigulaga hafi ekki enn verið sett fram og meintur réttur samkvæmt tryggingunni sé því löngu fallinn niður.

Til stuðnings kröfum sínum vísa stefndu til 2. mgr. 2. gr., 1. mgr. 34. gr. og 1. mgr. 53. gr. víxillaga nr. 93, 1933, en um málskostnað er vísað til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 19, 1991. Að öðru leyti byggja stefndu á almennum reglum kröfuréttar um að gjalddagi reikningskröfu sé í fyrsta lagi kominn í gjalddaga eftir að reikningurinn hafi verið gerður og sýndur greiðanda.

## **Niðurstaða.**

Í málinu bar vitni Sigurbjörg Jóhannesdóttir, innheimtufulltrúi hjá Sparisjóði Norðlendinga.

Umræddur víxill er á eyðublaði Sparisjóðs Norðlendinga fyrir tryggingavíxil vegna yfirdráttarheimildar. Hefur verið strikað yfir að hann sé vegna yfirdráttarheimildar en í stað þess er ritað efst á hann að hann sé vegna húsaleigu í Aðalstræti 67 á Akureyri. Við víxillinn er og viðfest yfirlýsing/umboð svohljóðandi: „Undirritaður Einar Gunnl., kt. 000000-0000 hefur í dag afhent Sparisjóði Norðlendinga viðfestan tryggingarvíxil nr. \_\_\_\_\_, samþykktan af undirrituðum, útgefinn og framseldan af Gunnlaugur Traustason, kt. 000000-0000 og ábektan af \_\_\_\_\_, kt. \_\_\_\_\_. Víxill þessi er óútfylltur (in blanco) að því er varðar útgáfudag og gjalddaga en að fjárhæð kr. \_\_\_\_\_. Víxillinn er afhentur Sparisjóði Norðlendinga til tryggingar viðskiptum

við Sparisjóð Norðlendinga, sem eru vegna yfirdráttarheimildar á tékkareikningi nr. \_\_\_\_\_. Sparisjóði Norðlendinga er hér með veitt umboð til þess að formgilda vixilinn með því að rita á hann útgáfudag og gjalddaga verði um vanskil að ræða af hálfu tékkareikningshafa, og innheimta hann með venjulegum hætti.“

Á framlögðum húsaleigusamningi stefnanda og stefnda Einars, dagsettum. 9. nóvember 2005, kemur fram að leigjandi skuli setja tryggingu fyrir réttum efndum á leigusamningi að fjárhæð kr. 270.000,- og er henni svo lýst undir liðnum önnur umsamin trygging: „270.000 tryggingarvixill hjá Sparisjóði Norðlendinga.“

Vitnið Sigurbjörg Jóhannesdóttir, innheimtufulltrúi hjá Sparisjóði Norðlendinga kvaðst hafa fyllt vixilinn út um gjalddaga en Sigrún Skarphéðinsdóttir þjónustustjóri hafi fyllt út fjárhæðina.

Í framangreindri yfirlýsingu/umboði, sem er áfast við vixilinn, er óutfyllt lína þar sem geta skal fjárhæðar vixilsins. Styður það þá fullyrðingu stefnanda að vixillinn hafi að þessu leyti verið óutfylltur við útgáfu hans og fær það einnig stöð í framburði vitnisins Sigurbjargar Jóhannesdóttur. Hafa stefndu ekki hnekktt þeirri fullyrðingu og verður samkvæmt því talið sannað að um hafi verið að ræða eyðuvixil. Við afhendingu á slíku skjali stofnast sérstök heimild fyrir viðtakanda til þess að fylla út í þær eyður sem þörf er á til þess að stofna fullgildan vixil og við framsal slíkra vixla er útfyllingarheimildin talin fylgja með. Var því Sparisjóði Norðlendinga heimilt að rita fjárhæð og gjalddaga á umræddan vixil.

Stefndi Gunnlaugur framseldi vixilinn og er stefnanda, sem handhafa hans, unnt að höfða mál til greiðslu hans og er því hafnað vörnum stefndu sem byggja á aðildarskortu.

Varnir stefndu sem lúta að því að skuldin hafi þegar verið greidd eða varða efni umboðs og forsendur eru ekki meðal þeirra varna sem heimilaðar eru í 118. gr. laga nr. 91, 1991 um meðferð einkamála. Komast þær því ekki að í málinu, sem rekið er samkvæmt XVII. kafla nefndra laga.

Samkvæmt framangreindu og þar sem nefndur vixill er í lögmætu formi verða dómkröfur stefnanda teknar til greina. Ber stefndu og að greiða stefnanda kr. 130.000,- í málskostnað in solidum.

Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt ákvæða 115. gr. laga nr. 91, 1991, sbr. framlagðar yfirlýsingar lögmannanna Árna Pálssonar hrl. og Þorsteins Hjaltasonar hdl.

Dóm þennan kveður upp Ólafur Ólafsson héraðsdómari

## **D Ó M S O R Ð :**

Stefndu, Einar Gunnlaugsson og Gunnlaugur Traustason, greiði óskipt stefnanda, Elvari Árna Lund, kr. 240.000,- með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38, 2001, sbr. 12. gr. sömu laga, frá 22. febrúar 2006 til greiðsludags.

Stefndu greiði stefnanda óskipt kr. 130.000,- í málskostnað.

Ólafur Ólafsson

Uppkvaðning dómsins var tilkynnt lögmönnum aðila með tölvupósti.

Dómþingi slitið,

Ólafur Ólafsson

Vottur:

Guðrún Jóhannesdóttir.